

Því úrskurðast:

Sóknaraðili Sigurður Ingvar Hannesson fær greiddar úr dánar- og félagsbúi þessu óskiptu kr. 2.093.00 með 7% ársvxtum frá 8. júlí 1965 til greiðsludags.

Hafnað er kröfum hans um, að viðurkenndur verði eignaréttur hans að $\frac{1}{4}$ hluta dánar- og félagsbúsins og að viðbyggingu við húsið Ánanaust E verði sem hans eign haldið fyrir utan búskiptin.

Sigríður Friðriksdóttir telst eigandi að hálfum þeim hluta fasteignarinnar Ánanaust E, sem við skiptin kann að falla til erfingjans Stefáns Hannessonar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 31. janúar 1969.

Nr. 27/1968.

Einar Björnsson

(Sigurður Sigurðsson hrl.)

gegn

Prentverki Odds Björnssonar h/f og gagnsök

(Friðrik Magnússon hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 14.132.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 31.132.00 frá 30. janúar 1966 til 1. apríl 1966, en frá þeim degi af kr. 14.132.00 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. febrúar 1968. Hann krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í dómi héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum samdómendum, eru atvik máls þessa rakin. Þar er og lýst ann-

mörkum á gerð og festingu þakhluta þess, er fauk af húsi gagnáfrýjanda hinn 30. janúar 1966 og olli spjöllum þeim á bifreið aðaláfrýjanda, A 2494, sem bóta er krafizt fyrir. Þykir við það eiga að miða, að fok þaksins hafi átt rót sína að rekja til nefnds vanbúnaðar, sem braut í bága við 23. gr. byggingarsamþykktar fyrir Akureyri nr. 6/1928. Samkvæmt þessu þykir rétt, eins og gögnum málsins að öðru leyti er háttað, að gagnáfrýjandi bæti tjón aðaláfrýjanda.

Hinn 8. febrúar 1966 nefndi bæjarfógeti Akureyrar bifvélavirkjameistarana Magnús Jónsson og Svanlaug Ólafsson til þess að framkvæma mat á skemmdum bifreiðarinnar A 2494. Í matsgerð 2. marz 1966, sem matsmenn hafa staðfest fyrir dómi, telja þeir kostnað af viðgerð bifreiðarinnar hæfilega ákveðinn kr. 31.139.00. Þar af greiddi váttryggingafélagið Samvinnutryggingar hinn 1. apríl 1966 kr. 17.000.00, og nemur óbætt tjón aðaláfrýjanda því kr. 14.139.00. Samkvæmt kröfu aðaláfrýjanda verður gagnáfrýjanda því dæmt að greiða honum kr. 14.132.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 31.932.00 frá 30. janúar 1966 til 1. apríl 1966, en frá þeim degi af kr. 14.132.00 til greiðsludags.

Með bréfi dómismálaráðherra 13. janúar 1967 var aðaláfrýjanda veitt gjafsókn fyrir héraðsdómi. Laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði, kr. 25.000.00, og annan kostnað aðaláfrýjanda þar, kr. 9.338.00, á því að greiða úr ríkissjóði.

Eftir úrslitum málsins er rétt, að gagnáfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 50.338.00. Þar af hljóti ríkissjóður kr. 34.338.00, en gagnáfrýjandi kr. 16.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Prentverk Odds Björnssonar h/f, greiði aðaláfrýjanda, Einari Björnssyni, kr. 14.132.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 31.932.00 frá 30. janúar 1966 til 1. apríl 1966, en frá þeim degi af kr. 14.132.00 til greiðsludags.

Laun talsmanns aðaláfrýjanda fyrir héraðsdómi, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, kr. 25.000.00, og annar kostnaður aðaláfrýjanda í héraði, kr. 9.338.00, greiðist úr ríkissjóði.

Gagnáfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 50.338.00, þar af ríkissjóði kr. 34.338.00, en aðaláfrýjanda kr. 16.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Einars Arnalds hæstaréttardómara.

Í héraðsdómi er rækilega lýst veðurfarinu á Akureyri, þegar atburður sá átti sér stað, sem mál þetta fjallar um. Var veðrahamurinn ekki meiri en jafnan má búast við hér á landi. Verður fébótaábyrgð gagnáfrýjanda ekki felld niður af þeim sökum, að um vis major hafi verið að ræða. Eins og atvikum var háttað, tel ég eðlilegt og rétt, að húseigandi, gagnáfrýjandi, beri fébótaábyrgð á tjóni aðaláfrýjanda án tillits til þess, hvort um sök húseiganda eða annarra, sem hann bar ábyrgð á um vanbúnað þaksins, var að tefla eða ekki. Með þessari athugasemd er ég samþykkur forsendum og dómsorði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Akureyrar 4. desember 1967.

Mál þetta hefur Einar Björnsson, Hafnarstræti 88, Akureyri, höfðað með stefnu, dags. 8. júní 1966, fyrir bæjarþingi Akureyrar á hendur Prentverki Odds Björnssonar h/f, Akureyri. Málið var þingfest 13. s. m. af þáverandi reglulegum dómara, Friðjóni Skarp-héðinssyni, sem tók við dómsskjölum 1—31, en veik síðan í sama þinghaldi úr dómarasæti með úrskurði. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. september s. á., var Björn Halldórsson bóndi, Syðra-Brennihóli, Glæsibæjarhreppi, skipaður til þess sem „setudómari“ á Akureyri að fara með og dæma mál þetta. Hinn 22. maí s.l. tóku sæti í dóminum sem meðdómendur eftir tilnefningu dómara þeir Páll Friðfinnsson húsasmíðameistari og Pétur Pálma-

son verkfræðingur, báðir heimilisfastir á Akureyri. Í því sama þinghaldi lýstu málflytjendur beggja aðilja yfir því, að gagnasöfnun væri lokið. Málið var þá tekið til flutnings, var flutt hinn 8. júní s.l. og samdægurs tekið til dóms. Síðan leið sumarið til ofanverðs októbermánaðar, án þess að dómendum auðnaðist að ljúka verkefni sínu. Að svo komnu þótti hæfa, að málið yrði flutt af nýju, og hinn 20. f. m. var málið flutt og lagt í dóm öðru sinni.

Síðan gerðist það, að dómsformaður tekur málið aftur upp, og nú samkvæmt 120. gr. einkamálalaga, og bendir málflytjendum, einkum umboðsmanni stefnanda, á nokkur atriði, er horfa þóttu til umbóta á framsetningu málsins. Var nú enn af þessu tilefni þingað í málinu hinn 6. nóvember og málflytjendum m. a. gefinn kostur á að flytja málið um af nýju. Ábendingum dómsformanns var að nokkru sinnt, og síðan var málið flutt hinn 14. nóvember í 3. sinn. Meðal þess, er gerðist í þessari síðustu atrennu, var það, að umboðsmaður stefnanda kom nýrri skipan á kröfugerð sína, þannig að hann nam kr. 6.200.00 burt úr aðalstefnukröfunni (kr. 20.332.00) og færði á dskj. 64, þ. e. málskostnaðarreikning, er enginn hafði áður verið. Með þessu lækkaði hann aðalkröfu sína niður í kr. 14.132.00. Áður hafði hann lækkað vaxtakröfu sína af aðalkröfunni úr 1% pr. mánuð niður í 7% p. a. Að svo komnu virðist vaxtakrafa stefnanda vera sú, að hann krefst 7% p. a. af kr. 31.132.00 frá 30. janúar 1966 til 1. apríl s. á. og síðan af kr. 14.132.00 til greiðsludags. Þá hefur umboðsmaður stefnanda krafizt málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómara, sbr. stefnu, greinargerð og gjafsóknarbréf. Á fyrrgreindum málskostnaðarreikningi umboðsmanns stefnanda eru ekki tilfærð nein ómakslaun honum til handa, en í málflutningi sínum hefur hann jafnan krafizt málflutningslauna eftir mati dómenda, svo sem honum ber að gera samkvæmt dskj. 43. Virðist í þessu sambandi enginn gaumur gefandi kröfu umboðsmanns stefnanda í greinargerð dskj. 5 um „þóknun“ honum til handa að upphæð kr. 2.634.00, heldur sé ákvörðun málflutningslauna hans komin undir frjálsu mati dómenda.

Umboðsmaður stefnda hefur hins vegar andmælt sök umbjóðanda síns sem og ábyrgð hans á verkum annarra manna og krafizt sýku af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómara, en til vara lækkunar á kröfunni eftir mati dómara.

Eftir framkomnum gögnum og skýrslum eru málavextir þessir: Hinn 30. janúar 1966 að morgni gerði hér á Akureyri svo sem

víða um land mikið hvassviðri af norðaustri, sem olli verulegum skemmdum á verðmætum hér í bæ. Meðal annars fauk um kl. 1030 þak af prentsmiðjuhúsi stefnda að Hafnarstræti 88 B og féll niður í tætlum, stærri og minni, aðallega í sundið milli fyrrnefnds húss og Hafnarstrætis 88, sem stendur beint vestan við hitt í nokkurra metra fjarlægð. Fokið skemmdi þarna a. m. k. tvo bíla, annan eign stefnda, en hinn eign stefnanda.

Bíll stefnanda stóð á lóð Hafnarstrætis 88, sem stefndi og faðir stefnanda áttu hvor sinn hlut í án staðarmarka. Stefndandi telur sig hafa átt heima í húsporti föður síns í Hafnarstræti 88. Þessi bíll stefnanda var af Volkswagen-gerð, ángerð 1955. Hann skemmdist mjög mikið, en hlaut þó viðgerð. Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands, dskj. 52, mældist vindhraðinn á vestanverðri Oddeyri, lögreglustöðinni, kl. 1030 9 vindstig, en vindátt ekki greind, en af öðrum gögnum og ummerkjum má ráða, að þá hefur áttin verið nærri austri á sjávarbakkanum við Hafnarstræti, en þar stendur prentsmiðjuhúsið, mjög áveðurs gegn austanátt. Í þessu sambandi er athugunarverð vitnaskýrsla *Þorsteins Stefáns-sonar*, þáverandi hafnarvarðar og fyrrverandi skipstjóra. Hann kveður veðrið hafa aukizt mjög um kl. hálf níu um morguninn og hafi hann þá tekið til að sinna skyldustarfi sínu að tryggja öryggi skipa, sem lágu við Torfunesbryggju og í kvínni. Mun þetta starf hafa tekið talsvert langan tíma, en ekki kveðst vitnið hafa litið á klukku, meðan á því stóð. Að því búnu kveðst vitnið hafa gengið upp bryggjuna og staldrað við sunnan undir suðausturhorni tollstöðvarinnar, sem er fremsta hús á uppfyllingunni, sem bryggjurnar ganga út frá. Þarna sunnanundir húsveggnum kveður vitnið, að rokið hafi mætt á því svo til óbrotið, 10—11 vindstig að þess mati eftir sjómenskureynslu sinni. Vitnið kveður hvassviðrið hafa gengið á með hörðum byljum og eitt sinn, er það horfði yfir Pollinn, sá það á sjórokinu, að hviða var í aðsigi, og varð það þá að grípa um húshornið sér til stuðnings. Hviða þessi varð mjög hörð, og um leið og hún gekk yfir, varð vitninu litið í suðurátt og sá þá, að stór fylla fauk af þaki prentsmiðjuhússins Hafnarstræti 88 B (fjarlægð ca. 100 m, ekkert ber í milli). Vitnið kveðst oft hafa haft samband við lögreglustöðina, þar sem veðurathuganir fara fram, og hafi það myndað sér þá skoðun, að mælirinn þar á stöðinni sýni a. m. k. stundum minni vindstyrk en vitninu virðist vera í það og það skiptið. Vitnið kveðst ekki vera visst um, hvort það muni eftir jafn hvössu veðri á 15 ára starfstíma sínum sem hafnarvörður. Um veður þetta er ritað í

Morgunblaðinu 1. febrúar 1966 af fregnritara þess hér í bæ, Sverri Pálssyni gagnfræðaskólastjóra. Þar segir m. a.: „Um kl. 1030 á sunnudagsmorguninn rauk hann upp aftur hálfu hvassari en nokkru sinni áður, og var þá gersamlega óstætt veður víða í bænum, þessi hrina hélzt fram yfir hádegi, og á tæpum 3 tímum olli fárviðrið gífurlegu tjóni á húsum og bílum. Var stórhættulegt að vera á ferli úti við, þar sem járnplötur, tættlur af húsbökum og margs konar lauslegt dót var eins og fjaðrafok víðs vegar o. s. frv.“.

Í Akureyrarblaðinu Degi 2. febrúar, dskj. 34, segir svo: „Um síðustu helgi geisaði fárviðri af norðri um allt land. Á Norðurlandi var stórhrið, veðurofsi svo mikill, að mönnum var naumlega stætt . . . Akureyri, á sunnudagsmorguninn náði rokið hámarki. Þá f auk hluti af þaki Prentverks Odds Björnssonar h.f., og þeyttist brak úr því upp á Hafnarstræti, braut rúður og skemmdi þrjá bíla. Á sama tíma fuku 70—80 þakplötur af nýbyggingu Gagnfræðaskólans, og einnig f auk nokkuð af þakplötum hér og hvar í bænum . . . Við höfnina var sjógangur og austan rok“. Blöð þessi birta einnig fréttir víðar af landinu um meiri háttar fok, m. a. Morgunblaðið frásögn með mynd af foknu þaki af nýbyggðu stórhýsi Heildverzlunarinnar Heklu í Reykjavík. Tekið er fram, að menn hefðu undrazt það, „hvernig slíkt gæti átt sér stað með svo stórt og nýbyggt hús, þó að veðurhæðin væri vissulega mikil“. Af myndinni má sjá, að þakhalli þessa húss hefur verið mjög lítill, sízt meiri en á prentsmiðjuhúsinu.

Oddur Kristjánsson húsameistari hefur vottað um þakplötufokið af nýbyggingu Gagnfræðaskólans á Akureyri, dskj. 50, og komið fyrir dóm. Kveður vitni þetta, að þakið hafi verið nýlega smíðað (sumarið 1965) og gerð þess og frágangur verið samkvæmt byggingarreglum. Hafi þakið verið þilklætt með 1" borðum og pappalagt undir járníð, sperrur voru festar niður í steypu með járnbeygjum, en járnnaumurinn verið óhnykktur. Ekki fuku þakplötur af eldri hluta hússins, og þakkar vitnið það því, að þar hafi verið notaðir hrufóttir naglar, sem hafi sérstaklega gott hald. Þá getur vitnið þess, að þakið á eldra húspartinum hafi verið mun flatara en hitt, sem f auk, að því er virðist af sambandinu („auk þess“) í þeirri veru, að hallalítið þak standist að öðru jöfnu betur veður en rismikið.

Af dskj. 35, sbr. dskj. 63, verður ráðið, að húshluti sá, sem þakið f auk af 30. janúar 1966, var í smíðum hinn 27. október 1944, þó svo, að samkvæmt dskj. 37, dags. 4. apríl 1945, sbr. dskj. 36, dags.

26. marz s. á., er efri hæð þess þá enn óreist, en ætla verður, að 2. hæðin (þ. e. aðalhlutinn) hafi verið reist á árinu 1945, enda upplýsti umboðsmaður stefnda við málflutninginn, að þakhlutinn, sem fauk, hefði verið lagður fyrir um það bil 21 ári, er fokið varð. Þó var innskot í efri hæðina, sunnan til að vestan, sbr. dskj. 63, sem ekki var fyllt upp í fyrr en 1962 eða 1963, sbr. dskj. 23 og 39. Af ljósmynd, dskj. 49, er sjáanlegt, að sá hluti þaksins fauk ekki. Stefnandi reisir málssókn þessa á því, að gerð eldra hluta þaksins, þ. e. þess hluta, sem fauk, hafi ekki verið samkvæmt byggingarsamþykkt fyrir Akureyri frá 1. febrúar 1928, 23. gr. Þótt ekki sé nákvæmlega upplýst, hvenær fokna þakið var lagt, virðist vafalaust, að það hafi gerzt í tíð fyrr téðrar byggingarsamþykktar og fyrir gildistöku núgildandi byggingarsamþykktar frá 1. marz 1947. Aðgerðir af hálfu stefnanda í máli þessu hefjast samkvæmt dskj. 22 hinn 7. febrúar 1966 með fyrirtöku dómkvaðningarbeiðni í bæjarþingi Akureyrar að tilkvöddum umboðsmanni væntanlegs gagnaðilja. Hinir dómkvöddu skoðunarmenn, Bjarni Sveinsson og Jón Sigurjónsson, skyldu skoða og lýsa gerð fokna þaksins, og er árangur þessarar framkvæmdar birtur í dskj. 7 og í þinghaldi í máli þessu hinn 21. nóvember 1966. Þegar skoðunarmenn komu á staðinn hinn 10. febrúar 1966, stóð yfir hreinsun timburs af plötunni. Skoðunarmenn minnst á nýviðgert þak og hlýtur að vera um að ræða þakhlutann, sem ekki fauk og áður greinir, sbr. dskj. 54. Í skýrslunni dskj. 7 taka skoðunarmenn m. a. fram: 1) Að þakið hafi hvílt á steyptri plötu. 2) Sperrur hafi verið úr 2"×4" furu og styttur úr sams konar efni, negldar í sperrur. Þeir fundu tvö langbönd, sem sýndu 135 og 154 cm milli sperra. 3) Langbönd úr sams konar efni og sperrurnar hafa verið negld flöt ofan á sperrur með 34—48 cm bili. 4) Festingar fyrir þakið inni á plötunni hafi þeir ekki séð nema á 4 stöðum á suðurhluta hússins. Sver saulujárn (4 í stað) hafi verið beygð yfir sperrukjálka (mynd 5, dskj. 13). Á suðurstafni hafi verið 10 skotnaglar með ójöfnu millibili, fastir í steinplötunni, enn fremur í steypustyrktarjárn (mynd 6, dskj. 14). Viðir af suðurstafni fundust engir. Á austurbrún hafi langbandið verið sett á röð á plötubrúnina og það fest niður með galvaniseruðum vír á 11 stöðum á „allri plötulengdinni“, þar af 8 sunnan útskots (sbr. myndir), en 3 norðan þess. Á öllum þessum stöðum sáu skoðunarmenn merki þess, að tvöfaldur vír hafi verið notaður til festingar langbanda við steypuplötuna. Þeim „fannst“, að vírinn á festingunum þrem-

ur hafi verið úr öðru og verra efni en vírarnir á suðurhlutanum, sbr. mynd 9 (dskj. 17), enda mikið ryðgaðir. Hinir (8) vírarnir hafi verið að mestu óryðgaðir. Á *norðurstafni* hafi verið sjáanlegar 3 festingar úr galvaníseruðum vír, að mestu óryðgaðar. Á vesturbrún plötunnar „virtist“ skoðunarmönnum hafa verið 4 festingar, vírar í járnkróka, hvort tveggja tætt og brotið, sbr. sýnishorn. *Þakhalla* telja skoðunarmenn sem næst 1 : 8 (mynd 10, dskj. 18). Skoðunarmönnum var (sbr. dskj. 22) aðeins falin hlutleg skoðun, en engin álitserð. Þeir staðfestu dskj. 7 í bæjarþingi 21. nóvember 1966. Annar þeirra, Bjarni Sveinsson, var þá spurður um nokkur atriði til aukins skilnings á skýrslunni. Kemur þá fram m. a., að hann telur festingar á þakbrúnunum ekki vera „múrakeri“. Þá lýsti hann yfir því að gefnu tilefni frá umboðsmanni stefnanda, að hann telji gerð þaksins ekki fullnægja byggingarsamþykkt Akureyrar með skírskotun til dskj. 7, einkum um festingar við plötuna. Jón Sigurjónsson staðfestir dskj. 7, sem áður greinir, en var einskis spurður að öðru leyti, enda þótt málefnið tilheyrði hans iðngrein, en síður Bjarna. Jón G. Ágústsson, núverandi byggingarfulltrúi Akureyrar, kom fyrir dóm. Kveðst hann samkvæmt tilmælum Sigurðar M. Helgasonar, þáverandi fulltrúa bæjarfógeta Akureyrar, hafa komið á fokstaðinn einhvern næstu daga eftir fokið til athugunar.

Af myndum þeim, er hann tók á staðnum, dskj. 46—49, virðist hann hafa verið fyrr á ferðinni en framangreindir skoðunarmenn. Vitnið kveðst hafa snúið sér að því að gera sér grein fyrir gerð þaksins, og virðist lýsing þess af stærð viðá og bíla milli þeirra mjög á sömu leið og á fyrrgreindri skýrslu skoðunarmanna. Af myndum þess er sjáanlegt, að reim á þakbrún hefur ekki fokið, a. m. k. ekki öllu, en eins og vitnið tekur fram, var vinna við hreinsun á plötunni hafin, þegar það kom á staðinn og tók myndirnar. Þá tekur vitnið fram, að reimin hafi verið fest utarlega á þakbrún, en kvaðst að öðru leyti ekki hafa getað gert sér grein fyrir frágangi á þakbrún. Að gefnu tilefni tók vitnið fram, að algengur praxis nú sé að festa reimar við steinsteypar loftplötur með múrboltum (ankerum) með 80—120 cm millibili. Vitnið Þórður Friðbjarnarson húsasmíðameistari minnst þess, að það ynni við neglingu platnanna (asbestplatna), en við þakstólinn hafi það unnið lítið eða ekkert. Vitnið kveðst ekkert sérstakt muna um festinguna á sperruendum, en gerir ráð fyrir, að sperruendar hafi verið festir á brúnir, eins og venja var til, með múrboltum. Vitnið kveðst hafa unnið undir yfirstjórn Snorra

Guðmundssonar, en múrarameistari hafi verið Stefán Halldórsson.

Vitnið Snorri Guðmundsson kveðst hafa verið byggingameistari í þjónustu Kaupfélags Eyfirðinga á þeim tíma, sem margumrætt húsið var byggt, en hafi ekkert starfað að smíði þess húss né sinnt þar verkstjórn. Vitnið telur, að húsið hafi verið þakið á árinu, eftir að það var steipt. Gerir vitnið ráð fyrir, að fullgildir smiðir hafi starfað að smíði þaksins, þ. e. a. s. smiðir frá Kaupfélagi Eyfirðinga, m. a. Þórður Friðbjarnarson. Þá staðhæfir vitnið, að sér hafi aldrei verið falið af Kaupfélagi Eyfirðinga að stjórna smíði þessa húss, enda þótt vera kunnir, að forráðamenn félagsins hafi ætlað til þess af því. Kveðst vitnið hafa á þessum tíma starfað mikið utanbæjar.

Vitnið Stefán Halldórsson múrarameistari kom fyrir dóm og kvaðst hafa séð um járnalögn og steypu við prentsmiðjuhúsið. Ekkert kveðst það hafa unnið við þakstólinn. Það kveður það hafa verið venju á þeim tíma, að járn hafi verið látið standa upp úr plötunni til þess að festa þakstólinn. Það kveður, að á myndunum, dskj. 13, 14, 17, 19 og 15, komi fram þær aðferðir, er á þeim tíma hafi tíðkæzt við festing þakstóla.

Aðaleigandi hins stefnda fyrirtækis, Sigurður O. Björnsson, kom fyrir dóm og lýsti yfir að gefnu tilefni frá umboðsmanni stefnanda, að Kaupfélag Eyfirðinga hefði að öllu leyti séð um byggingu prentsmiðjuhússins, útvegað mannafla og efni, en síðan krafið POB h/f um tilkostnaðinn eftir reikningi, lóðina hafi hlutfélagið átt fyrir. Sigurður kveður Stefán Halldórsson hafa verið múrarameistara og heldur, að Snorri Guðmundsson hafi verið yfirsmiður að húsinu. Tilætlunin hafi verið að byggja 3. hæðina ofan á húsið.

Af því, sem hér er framan hefur verið rakið, virðist ljóst, að gerð þaksins, sem fauk, hafi verið annmörkum háð frá upphafi. Festingum þakviða hafi verið áfátt og ekki um viðhald eða endurbætur að ræða. Þakviðir voru ekki í samræmi við byggingarsamþykktina. Ekki verður fallið á, að fokið hafi skeð fyrir óviðráðanlegar náttúruhamfarir (fors major).

Umboðsmaður stefnanda hefur stutt kröfu sína með almennum skaðabótareglum. Þessar reglur eru, eins og kunnugt er, að litlu leyti formlega lögfestar, enda greinir fræðimenn á um mörg atriði í túlkun þeirra. Reglur þessar hafa þróast fyrir þörf á aðhaldi gagnvart viljandi skaðavöldum fyrst og fremst, en nýtast síður í sambandi við vanrækslu-,syndir“. Þessum reglum er þannig

ætlað það hlutverk að auka þjóðfélagslegt öryggi og réttlæti, en þó eru einnig ýmis önnur úrræði meira notuð til að ná þeim tilgangi.

Í máli þessu er um að ræða kröfu um bætur fyrir tjón, er stafaði frá húseign stefnda. Segja má, að hús í bæjum séu hvort tveggja í senn eign húseiganda og hluti af bænum, þ. e. húsin eru háð bæjarfélaginu með ýmsum hætti. M. a. er lögboðið, að bær eins og Akureyri hafi byggingarsamþykkt, er geymir ýmsar reglur um smíði húsa. Samþykktin fyrir Akureyri, staðfest 1. febrúar 1928, geymir ýmsar reglur um gerð húsa, en þó eru þessar reglur hvorki nákvæmar né tæmandi, enda er byggingarfagið mjög margbrotið viðfangsefni og síbreytilegt á síðustu áratugum.

Byggingarsamþykktin mælir fyrir um yfirumsjón byggingarnefndar og byggingarfulltrúa með húsbyggingum og fullgilding meistara úr iðnaðarstéttum, til að þeir megi veita húsbyggingum forstöðu. Hvergi í byggingarsamþykkt finnst dæmi um, að gert sé ráð fyrir fohættu sérstaklega. Afstaða húsa og útlitsprýði virðist sitja í fyrirrúmi sem og almennur styrkleiki. Dæmi um grandaleysi reglugerðar höfunda gagnvart fohættu er það, að hvergi er varað við flötum (hallalílum) þökum. Hins vegar er hámarksbratti á þökum ákveðinn. Af orðum Odds Kristjánssonar húsameistara (hann mun raunar hafa oft talað sig) má ráða, að hann telur rislág þök öruggari gagnvart stormi en hin rishærri. Og Reykvíkingar, sbr. Morgunblaðið, undrast, að þakið skyldi fjúka af Hekluhúsinu. Öll þessi 3 mestu þakfok, sem urðu í veðrinu 30. janúar, bitnuðu á næsta hallalílum þökum, og kemur þetta ekki kunnandi mönnum á óvart. Sogkraftur stormsins nær sterkari tókum á flötu en hallandi þaki.

Fyrirsvarsmaður stefnda og aðaleigandi POB h/f, Sigurður O. Björnsson, lýsti því fyrir dómi, að tiltekið fyrirtæki, Kaupfélag Eyfirðinga, eitt meðal traustustu og stærstu fyrirtækja hérlendis, hefði að öllu leyti séð um byggingu hússins, útvegað allan mannafla og efni og greitt út kostnaðinn, en síðan endurkafið POB, sem greiddi samkvæmt reikningum. Hann kveðst enn fremur halda, að Snorri Guðmundsson hafi verið þarna yfirmiður, en þessu neitar Snorri, með nokkrum fyrirvara þó. Í máli þessu er ekkert upplýst um afskipti byggingarfulltrúa Akureyrar né byggingarnefndar í sambandi við húsbygginguna, en full ástæða er til að ætla, að ekki hafi mikið farið fyrir þeim afskiptum, a. m. k. að því leyti sem gerð þaksins varðar. Stórfelldar bótakröfur af því tagi, sem hér um ræðir, geta komið mjög illa við og reynzt

hæpnar til innheimtu hjá misjafnlega fjáðum aðiljum og skapa því í mörgum tilfellum ekki réttaröryggi innan þjóðfélagsins, heldur hið gagnstæða. Þá virðist það heldur ekki koma vel heim við eðli og tilgang almennra bótareglna, að smávægilegar og máské óbeinar vanrækslur, svo sem léleg negling á einni þakplötu, geti bakað húseigendum gífurleg útlát, en því er þetta dæmi tekið, að plötufokið eitt getur valdið mannsbana, ef ólukkan er með.

Slíkt „réttlæti“ mundi ekki miða að réttaröryggi innan þjóðfélagsins, heldur hinu gagnstæða. Sterkt og öruggt eftirlit af hálfu yfirvalda með húsagerð ásamt staðgöðri kunnáttu húsagerðarmanna í víðri merkingu virðist rétta leiðin í þessu efni ásamt váttryggingum eftir atvikum.

Samkvæmt ofanrituðu hlýtur máli þessu að ljúka hér fyrir dómi með sýknu stefnda. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, ákveðast kr. 25.000.00 og greiðast úr ríkissjóði ásamt útlögðum kostnaði samkvæmt reikningi, kr. 9.338.00.

Dómsorð:

Stefndi, Prentverk Odds Björnssonar h/f, á að vera sýkn af kröfu stefnanda, Einars Björnssonar. Málskostnaður fellur niður. Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, kr. 25.000.00, greiðast úr ríkissjóði ásamt útlögðum kostnaði, kr. 9.338.00.

Mánudaginn 3. febrúar 1969.

Nr. 211/1968. **Ragnar Kristjánsson**
 gegn
Kristjáni Júlíussyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Ragnar Kristjánsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.